

Stofnanasamningur

Vinnumálastofnun (VMST) annars vegar og Útgarður, félag háskólamanna, Félag íslenskra félagsráðgjafa, Kjarafélag íslenskra viðskiptafræðinga og hagfræðinga, Félag íslenskra félagsvísindamanna og Stéttarfélag lögfræðinga, hinsvegar gera með sér eftirfarandi stofnanasamning skv. ákvæðum kjarasamnings félagsins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs dags 30. apríl 2001 með breytingum sbr. 11. kafla kjarasamnings dags. 28. febrúar 2005.

1. Gildissvið

Samningur þessi nær til allra félagsmanna í aðildarfélögum BHM sem starfa hjá Vinnumálastofnun og eru aðilar að ofangreindum kjarasamningi. Samningur þessi tekur gildi frá 1. maí 2007.

2. Meginmarkmið

- að tryggja stofnuninni hæft og framsækið starfsfólk í góðu starfsumhverfi
- að launakerfið sé sveigjanlegt og ákvarðanir um launaröðun verði teknar með málefnalegum hætti,
- að launakerfið feli í sér tækifæri fyrir starfsmenn að öðlast hlut í aukinni skilvirkni stofnunarinnar,
- að tryggt verði launajafnræði kynjanna,
- að launakerfið nýtist sem stjórntæki til að ná fram markmiðum stofnunarinnar,
- að launakerfið feli í sér framgang í launum fyrir starfsmenn sem afla sér aukinnar þekkingar með menntun, takast á við flókin og/eða umfangsmikil verkefni eða sýna sérstök afköst eða árangur í starfi,
- að heildarlaunakostnaður stofnunarinnar hækki ekki umfram það sem fjárhheimildir gera henni kleift að standa undir.

3. Starfaflokkar

Launakerfi Vinnumálastofnunar byggir á eftirfarandi röðun starfa/starfaflokka. Þegar einstökum störfum er grunnraðað í þessa flokka skal miðað við viðvarandi/stöðug verksvið hvers starfs.

Almennir starfsmenn ráðnir til skamms tíma eða tímabundinna verkefna

Háskólamenntaðir starfsmenn sem starfa á ábyrgð og undir faglegri stjórn annarra og eru ráðnir til skamms tíma. Verkefni þeirra felast aðallega í öflun gagna og almennri miðlun upplýsinga.

SÍS
DVP
Ríkissjóð
Guðrún Ólafsdóttir
Guðrún Ólafsdóttir
GJ

Ráðgjafar

Ráðgjafar sem lúta yfirstjórn forstöðumanns. Starfsmenn vinna sjálfstætt á sviði starfsráðgjafar og úrræða fyrir atvinnulausa og upplýsingamiðlunar.

Sérfræðingar

Sérfræðingar sem lúta yfirstjórn forstöðumanns. Starfsmenn hafa með höndum verkefnastjórn og vinna sjálfstætt á sviði kostnaðareftirlits eða vísindalegra athugana og hafa samskipti við aðrar stofnanir innanlands sem utan. Verkefni þeirra felast m.a. í úrvinnslu gagna, töflugerð, ritun greinargerða, skýrslna og úrvinnslu verkefna er forstöðumaður hjá Vinnumálastofnun felur þeim. Þeir hafa einnig umsjón með málaflokkum eða verkefnum. Um geta verið að ræða flókin verkefni sem krefjast faglegrar þekkingar og í felist ábyrgð á verksviði/málaflokkum gagnvart forstöðumönnum hjá Vinnumálastofnun.

Deildarstjórar

Deildarstjórar lúta stjórn forstöðumanns og starfa skv. starfslýsingu að yfirumsjón ákveðins málaflokks. Verkefni þeirra felast meðal annars í eftirliti með lögum og reglum tiltekins málaflokks, úrvinnslu gagna, ritun greinargerða og úrvinnslu verkefna ýmiskonar. Einnig hafa þeir umsjón með verkefnum og annast upplýsingagjöf og fræðslu til annarra starfsmanna. Um geta verið að ræða flókin verkefni sem krefjast faglegrar þekkingar sem í felist ábyrgð á verksviði /málaflokkum gagnvart forstöðumönnum hjá Vinnumálastofnun.

Forstöðumenn þjónustuskrifstofa

Starfsmenn sem samkv. starfslýsingu lúta yfirstjórn forstjóra og bera ábyrgð á störfum annarra starfsmanna, hafa umsjón með skipulagningu og samhæfingu skilgreindra starfseininga. Um er að ræða flókin verkefni sem krefjast faglegrar þekkingar, samskipta við ráðuneyti og stofnanir innanlands sem erlendis. Þeir bera ábyrgð á starfsemi sinnar starfseiningar gagnvart yfirstjórn Vinnumálastofnunar.

Sviðsstjórar

Starfsmenn sem samkv. starfslýsingu lúta yfirstjórn forstjóra og bera ábyrgð á störfum annarra starfsmanna og hafa umsjón með skipulagningu og samhæfingu allra starfseininga hjá Vinnumálastofnun. Um er að ræða flókin verkefni sem krefjast faglegrar þekkingar, samskipta við ráðuneyti og stofnanir innanlands sem erlendis. Þeir bera ábyrgð á verksviði/málaflokkum gagnvart yfirstjórn Vinnumálastofnunar. Sviðsstjórar skipa yfirstjórnunarteymi Vinnumálastofnunar og eru staðgenglar forstjóra í viðkomandi málaflokkum.

SPS ÓP YI
Guðrún Þórunn Sigurðardóttir

4. Launaflokkar

4.1. Lágmarkslaun

Eftirfarandi launaflokkar skulu vera lágmarkslaun fyrir hvern starfaflokk sbr. launatöflu sem tekur gildi 1. maí 2006:

Starfaflokkur:	Grunnröðun:
Almennir starfsmenn - sumaraflleysingar	5. lfl.
Sérfræðingar 1 og ráðgjafar með 90 ein.	7. lfl.
Sérfræðingar 1 og ráðgjafar með 120 ein. ofl.	8. lfl
Sérfræðingar 2 með 90 ein.	9. lfl
Sérfræðingar 2 með 120 ein. ofl.	10. lfl.
Deildarstjórar	11. lfl.
Forstöðumenn þjónustuskrifstofa m. 1 – 5 starfsmenn	14. lfl.
Forstöðumenn þjónustuskrifstofa m. 6 starfsmenn og fleiri	15. lfl
Sviðsstjórar	17. lfl.

5. Álagsþættir sem bætast við vegna einstaklingsbundinna þátta

5.1. Álagsþættir vegna starfsreynslu

Starfsreynsla: Gert er ráð fyrir á lagi á laun vegna starfsreynslu starfsmanns hjá Vinnumálastofnun sem hér segir:

- | | |
|-------------|--------------------|
| Eftir 1 ár: | Einn álagsþáttur |
| Eftir 3 ár: | Tveir álagsþættir |
| Eftir 5 ár: | Þrír álagsþættir |
| Eftir 8 ár: | Fjórir álagsþættir |

5.2 Aðrir álagsþættir

Vinnumálastofnun er heimilt að greiða viðbótarálag vegna eftirfarandi atriða:

- 1) Aukningar á starfs- og/eða verkefnaá lagi
- 2) Aukinnar ábyrgðar í starfi
- 3) Mjög góðan árangur í starfi og frammistöðu við úrlausn verkefna
- 4) Frumkvæði í starfi, hæfni og faglegra vinnubragða

Hver álagsþáttur svarar til 2,5% á lagi á laun. Fleiri en eitt ofangreindra atriða getur komið til árita við mat á hverjum álagsþætti.

6. Endurmat starfskjara

Í október ár hvert boðar yfirstjórn Vinnumálastofnunar, eða sá sem hún felur verkefnið, starfsmenn sína til starfsmannasamtals. Í því samtali skulu störf starfsmanns vera metin og ef tilefni er til starfs- og launakjör í framhaldi, sem hafa áhrif til hækkunar á röðun hans.

*SPS Jón Hlí
Guðrún Þórunn Sigurðardóttir
Jón Guðrúnar Þórunn Sigurðardóttir*

7. Sérstök tímabundin umbun

Heimilt að greiða sérstaka umbun umfram mánaðarlaun, sem aldrei skal þó nema hærri fjárhæð en kr. 30.000.- á mánuði. Umbun þessi greiðist vegna sérstakra tímabundinna þátta og greiðist aldrei lengur en áhrif þeirra þátta vara. Ákvörðun um greiðslu slíkrar umbunar skal tekin af forstjóra og byggist á skriflegum reglum sem hann kynnir fyrir starfsmönnum fyrir 1. desember 2007.

8. Samstarfsnefnd


Samstarfsnefnd verði skipuð í samræmi við ákvæði í kafla 11.4 í samningi BHM og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

9. Gildistími


Stofnanasamningur þessi gildir frá 1. maí 2007 til 30. apríl 2008.

Reykjavík, 13. júlí 2007



f.h. Vinnumálastofnunar


Gunnar Þórðursson
Hlynur B. Hafliðadóttir
Sigr. P. Sigmundsson


f.h. Útgarðs-félags háskólamaðanna



f.h. Félagsráðgjafafélags Íslands


Guðrún Ólafsdóttir

Helga Þórhildur Þórhildardóttir

f.h. Stéttarfélags lögfræðinga



f.h. Félags íslenskra félagsvísindamanna



Bókun

Sviðsstjórar og forstöðumenn á föstum heildarlaunum samþykkja að 200 yfirvinnutímar séu stofnuninni til ráðstöfunar á ári hverju án þess að aukagreiðsla komi fyrir. Fari yfirvinna umfram 200 tíma kemur til álita að greiðsla komi fyrir enda sé það niðurstaða mats sem stofnun leggur á þá vinnu sem innt var af hendi.

Ráðgjafar og sérfræðingar á föstum heildarlaunum samþykkja að 150 yfirvinnutímar séu stofnuninni til ráðstöfunar á ári hverju án þess að aukagreiðsla komi fyrir. Fari yfirvinna umfram 150 tíma kemur til álita að greiðsla komi fyrir enda sé það niðurstaða mats sem stofnunin leggur á þá vinnu sem innt var af hendi.

Slíkt mat fer fram einu sinni á ári og verði niðurstaðan að greitt skuli fyrir yfirvinnu verður um eingreiðslu að ræða.

Stofnunin mun koma upp tímamælingum í tölvum starfsmanna (þar sem ekki eru hefðbundnar stimpilkluKKur).

SPS Órhli
Órhli 5 Sept 2017
Sí